

Miðvikudaginn 13. janúar 1999.

Nr. 6/1999.

**Auðbjörn Kristinsson**

(Hreinn Pálsson hrl.)

gegn

**Íslenska ríkinu**

(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Málshöfðunarfrestur. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

*A stefndi Íslenska ríkinu til greiðslu bóta vegna tjóns sem hann taldi sig hafa orðið fyrir er 3 hross hans voru seld nauðungarsölu sem óskilahross. Héraðsdómur vísaði málinu frá þar sem málshöfðunarfrestur XV. kafla laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu var liðinn. Frávísunarúrskurður héraðsdóms felldur úr gildi þar sem málsástæður A lutu meðal annars að því, að starfsmenn stefnda hefðu valdið A tjóni með saknæmri háttsemi sinni. Málshöfðunarfrestur laga nr. 90/1991 ætti ekki við um málshöfðun á slíkum grunni.*

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. desember 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 5. janúar 1999. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. desember 1998, þar sem vísað var frá dómi máli sóknaraðila á hendur varnaraðila. Kæruheimild er í c-lið 2. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða kærumálskostnað.

### **I.**

Málið á rætur að rekja til þess að á uppboði 19. nóvember 1994 mun sýslumaðurinn á Akureyri hafa selt nauðungarsölu fjögur óskilahross samkvæmt beiðni hreppstjóra Eyjafjarðarsveitar. Sóknaraðili kveðst

hafa átt þrjú af þessum hrossum og saknað þeirra frá því í október 1994, en hvorki þekkt þau af lýsingu í auglýsingu, sem fjallskilastjóri fékk birta um óskilahross í dagblaði 12. og 14. þess mánaðar, né í auglýsingu sýslumanns um uppboðið. Sér hafi því ekki orðið kunnugt um ráðstöfun hrossanna fyrr en eftir uppboðið. Með bréfi til sýslumanns 1. febrúar 1995 hafi hann krafist þess að hrossunum yrði skilað til sín með stoð í 4. mgr. 59. gr. laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., sbr. 91. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, sem sóknaraðili telur hafa að geyma fyrirmæli um rétt eiganda óskilahross til að leysa það til sín innan tólf vikna frests frá nauðungarsölu þess. Þessu erindi hafnaði sýslumaður með bréfi 7. mars 1995, þar sem látið var í ljós það álit að fyrirmæli um innlausnarrétt í áður nefndu ákvæði laga nr. 6/1986 tækju til söluverðs, sem fengist við nauðungarsölu, en ekki hins selda.

Í málinu krefst sóknaraðili bóta úr hendi varnaraðila vegna andvirðis hrossanna, svo og fyrirhafnar sinnar og vinnumissis í tengslum við áðurgreind atvik. Hann kveðst aðallega reisa kröfu sína á þeirri málsástæðu að sýslumaður og hreppstjóri, sem séu starfsmenn varnaraðila, hafi ekki brugðist við ítrekaðri málaleitan sinni um að fá að neyta innlausnarréttar samkvæmt 4. mgr. 59. gr. laga nr. 6/1986 innan þess frests, sem þar greini. Hann hafi því farið á mis við að fá hrossin afhent. Þá kemur fram í héraðsdómsstefnu að sóknaraðili byggi jafnframt á þeirri málsástæðu að ranglega hafi verið staðið að aðdraganda og undirbúningi nauðungarsölu hrossanna. Lýsing þeirra í auglýsingu hafi í verulegum atriðum verið ónákvæm og ekki við hann að sakast að hafa ekki kannast við þau af henni.

## II.

Í XV. kafla laga nr. 90/1991 eru sérreglur um bótaskyldu vegna nauðungarsölu, sem leiða til ábyrgðar gerðarbeiðanda án sakar á því að fullnægt sé lagaskilyrðum fyrir nauðungarsölu, sbr. 1. mgr. 86. gr., ábyrgðar þess sama eftir sakarreglunni vegna mistaka sýslumanns við framkvæmd nauðungarsölu, sbr. 2. mgr. 86. gr., og ábyrgðar ríkisins vegna gáleysis starfsmanns þess við þá framkvæmd, sbr. 1. mgr. 87. gr. Sé bótakrafa reist á einhverri af þessum þremur reglum verður að höfða mál um hana innan þriggja mánaða frests, sem mælt er fyrir um í 88. gr. laganna. Sá frestur gildir hins vegar ekki þegar höfðað er einkamál vegna nauðungarsölu á öðrum grunni, svo sem mál á hendur gerðar-

beiðanda til heimtu bóta samkvæmt sakarreglunni vegna framferðis hans sjálfs eða til endurheimtu ofgreidds fjár, sbr. dóm Hæstaréttar í dómasafni 1997, bls. 3242.

Fyrirnefnd málsástæða, sem sóknaraðili reisir kröfu sína aðallega á, er að engu leyti studd við þær reglur í 86. og 87. gr. laga nr. 90/1991, sem getið er hér að framan. Að því leyti, sem sóknaraðili kann að styðja kröfu sína að auki við þá málsástæðu að hreppstjóra Eyjafjarðarsveitar hafi sem starfsmanni varnaraðila orðið á mistök við lýsingu umræddra hrossa í beiðni um nauðungarsölu, verður ekki séð að byggt sé á öðrum lagagrunni en sakarreglunni. Samkvæmt þessu tekur málshöfðunarfræstur samkvæmt 88. gr. laga nr. 90/1991 ekki til kröfu sóknaraðila að því leyti, sem hún er reist á þessum grunni. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Rétt þykir að hvor aðili beri sinn kostnað af kærumáli þessu.

#### D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi. Lagt er fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

#### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. desember 1998.

Mál þetta, sem tekið var til úrlausnar 3. þessa mánaðar að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað með stefnu, þingfestri 30. júní 1998.

Stefnandi er Auðbjörn Kristinsson, kt. 211159-2789, Melasíðu 8b, Akureyri. Stefnandi er íslenska ríkið, kt. 540269-6459, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 500.000 krónur, auk 0,50% ársvaxta frá 19. nóvember 1994 til 1. mars 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól kröfunnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. mars 1996. Að lokum er krafist málskostnaðar, þ.m.t. matskostnaðar, úr hendi stefnda, auk 24,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun, þar sem stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður að mati dómsins. Til vara er gerð krafa um lækkun á stefnukröfum málsins og í því tilviki verði málskostnaður látinn niður falla.

*Málavextir.*

Í október 1994 kveðst stefnandi hafa saknað þriggja hrossa sinna. Hefðu þau verið á beit á afrétti í Glæsibæjarhreppi, skammt frá Hraukbæ, en þar hefði stefnandi haft aðstöðu fyrir þau. Kveðst stefnandi hafa farið að grennslast eftir þeim, en án árangurs. Dagana 12. og 14. október sama ár voru fimm hross auglýst í óskilum í Hrafnagilsdeild Fjallskiladeildar Eyjafjarðarsveitar í dagblaðinu Degi af hálfu fjallskilastjóra. Lýsing þeirra var svohljóðandi:

„Jarpur hestur, ómarkaður, ca. 2-3 vetra. Brúnn hestur, ómarkaður, veturgamall. Brúnskjóttur hestur, ómarkaður, ca. 3 vetra. Jörp hryssa og mósótt hryssa, báðar með markinu lögg aftan vinstra og lögg aftan hægra, 2-5 vetra.“

Þann 12. nóvember 1994 auglýsti sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu nauðungarsölu fjögurra óskilahrossa, og var lýsing þeirra hin sama og áður greinir, að því undanskildu, að fyrstnefndi hesturinn hafði verið felldur út úr henni. Var nauðungarsalan, sem fram fór að beiðni hreppstjóra Eyjafjarðarsveitar, auglýst í Hraungerðisrétt, Eyjafjarðarsveit, og skyldi fram fara 19. nóvember 1994 kl. 11.00.

Nokkru eftir nauðungarsöluna kveðst stefnandi hafa þekkt aðra hryssuna sem sína í hesthúsi. Að sögn stefnanda kvaðst eigandi hennar hafa keypt hana af manni þeim, sem hafði verið slegin hryssan á nauðungarsölnunni 19. nóvember 1994. Kveður stefnandi, að þá hafi sér orðið ljóst, að þau þrjú hross, sem hann hafði saknað, hefðu verið seld á umræddu uppboði. Fram er komið í málinu, að öll hrossin voru seld á samtals 92.000 krónur. Af þeirri fjárhæð var greiddur ýmis áfallinn kostnaður, en eftirstöðvarnar, 16.421 króna, voru lagðar inn á banka-reikning.

Stefnandi reyndi árangurslaust að fá hrossin í sínar hendur með því að tala við starfsmenn sýslumannsembættisins, þáverandi hreppstjóra Eyjafjarðarsveitar og kaupanda hrossanna, en þær tilraunir báru ekki árangur. Er það var fullreynt, leitaði stefnandi til lögmanns, er ritaði sýslumanni bréf 1. febrúar 1995 og krafðist þess, að fjögurra vikna innlausnarfrestur samkvæmt 4. mgr. 59. gr. laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. yrði virtur og stefnanda skilað hrossunum. Það erindi var ítrekað með bréfi 7. mars sama ár. Svarbréf sýslumanns er dagsett sama dag og var kröfunni hafnað með vísan til þess, að umræddur innlausnarfrestur ætti við um þá peninga, sem fengist hefðu fyrir hrossin á uppboðinu. Þeir peningar, að frádregnum kostnaði, væru til reiðu þeim, er gæti sannað eignarrétt sinn á hrossunum.

Stefnandi lagði fram matsbeiðni í Héraðsdómi Norðurlands eystra 6. apríl sama ár, þar sem þess var farið á leit, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvillhallir menn til að meta hrossin þrjú. Farið var fram á, að matsmenn létu uppi rökstutt og skriflegt álit um a) hvort lýsing hrossanna í umræddri auglýsingu gæti átt við,

hvað varðar lit, aldur og mark, en hið síðastnefnda ætti við um hryssurnar tvær. Sérstaklega skyldi látið uppi, hvort stefnandi, sem eigandi, hefði mátt ráða af þessari lýsingu, að um hross í hans eigu væri að ræða, og b) að mat yrði lagt á verðgildi hrossanna út frá útliti, kostum og ætterni.

Matsmennirnir, Benedikt Ólafsson hdl. og Ármann Gunnarsson dýralæknir, skiluðu matsgerð í júlí. Um fyrri matslið segir svo:

1. Brúnhöttottur hestur, skottóttur og nösóttur, móhringeygður á báðum augum. Aldur: 5 vetra. Mark: Biti aftan hægra, stig aftan vinstra (óglöggt mark á vinstra eyra).
2. Mósótt/móálótt hryssa, verður grá. Aldur: 3ja vetra. Mark: Geirskorið aftan á báðum eyrum.
3. Jörp hryssa, rauðjörp nú en gæti hafa verið dekkri síðastliðið haust. Aldur: 3ja vetra. Mark: Glögglega geirskorið á hægra eyra en óglöggt mark á vinstra eyra.

Verðmæti hrossanna mátu þeir sem hér segir:

1. Brúnhöttótti hesturinn .....	kr.	100.000
2. Móálótta hryssan .....	kr.	60.000
3. Jarpa hryssan .....	kr.	90.000
	Samtals	kr. 250.000

Stefnandi höfðaði mál á hendur sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar með stefnu, þingfestri 2. maí 1996, aðallega til afhendingar hrossanna, en til vara til greiðslu skaðabóta. Dómur féll í málinu 29. október sama ár og var stefndi sýknaður vegna aðildarskorts, en málskostnaður felldur niður.

Stefnandi krafði stefnda um bætur með bréfi 26. maí 1998, en þeirri kröfu var hafnað með bréfi ríkislögmans 3. næsta mánaðar.

## II.

### *Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að með því að sinna ekki beiðnum hans og hafna að hann næði lögvörðum rétti sínum og heimti á ný þau þrjú hross, sem seld höfðu verið á uppboði, hafi honum verið valdið tjóni, sem stefnda beri að bæta. Þegar metið sé, hvort stefndi hafi með einhverju móti átt að gera sér grein fyrir, að meðal hrossa þeirra, sem auglýst voru í óskilum af hálfu fjallskilastjóra og síðar þeirra þriggja hrossa, sem sýslumaður auglýsti nauðungarsölu á, væru hans hross, sé nærtækast að vitna til niðurstöðu matsmanna, en hún sé sú, að stefnandi hafi ekki mátt ráða af lýsingunni, að um hross væri að ræða í hans eigu.

Af samanburði á lýsingu í auglýsingu og niðurstöðu matsmanna þar um megi sjá, að lýsingin í auglýsingu hafi verið mjög villandi og ekki unnt að lá

stefnanda, að hann teldi sér hross þessi óviðkomandi. Fyrir dómi hafi matsmenn sagt, að torvelt hefði verið fyrir stefnanda að átta sig á, að um hross í hans eigu væri að ræða samkvæmt lýsingu í auglýsingunni. Komi fram í skýrslu Ármanns Gunnarssonar matsmanns, að lýsingin hafi ekki verið nákvæm og sérstaklega telji hann misbrest varðandi lýsingu á mörkum. Matsmaðurinn Benedikt Ólafsson segi, að eigandi hrossanna hafi ekki getað áttað sig á þeim sem sínum samkvæmt lýsingunni.

Stefnandi hafi byggt rétt sinn á að fá hrossin afhent á 4. mgr. 59. gr. laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o. fl., sbr. lög nr. 90/1991, en þar sé kveðið á um tólf vikna innlausnarrétt. Þeirri kröfu hafi verið komið á framfæri innan frestsins, er stefnandi hafði komist að raun um afdrif hrossanna. Sé afstaða sýslumanns byggð á stórfelldum misskilningi, sem sé í fullkominni andstöðu við almennan skilning á hugtakinu, sem sé fornt og hafi verið túlkað þannig, að uppboðskaupandi þurfi að vera við því búinn að skila viðkomandi grip til réttis eiganda, gefi hann sig fram innan tólf vikna frá uppboðsdegi.

Stefnandi gerir þá aðalkröfu, að honum verði bætt tjón sitt með 500.000 krónum. Beri sýslumaður og hreppstjóri, „sem um málið véluðu á sínum tíma“, ábyrgð á því sem starfsmenn stefnda, að stefnandi hafi ekki fengið neytt lögmaelts innlausnarréttar. Telji stefnandi, að verðmæti hrossanna hafi verið a.m.k. 350.000 krónur á þeim tíma, sem nauðungarsala fór fram. Telji hann reyndar, að brúnhöttótti hesturinn sé einn og sér 150 - 200.000 króna virði. Þá hafi stefnandi haft margháttaða fyrirhöfn og orðið fyrir vinnumissi við að leita réttar síns með ótal ferðum til sýslumanns, hreppstjóra og annarra, sem að málinu komu.

Varakröfu sína byggir stefnandi á mati hinna dómkvöddu matsmanna, en það miðist við verðgildi hrossanna á uppboðsdegi.

Aðal- og varakrafa byggist á því, að allur aðdragandi og undirbúningur nauðungarsölnunnar hafi verið hrapallegur, lýsing ónákvæm svo verulegu skakkaði og stefnanda ekki láandi, að hann þekkti ekki hrossin sem sín og loks hafi lögmaeltum innlausnarrétti hans ekki verið sinnt af réttu yfirvaldi. Allt hafi þetta haft þær afleiðingar, að stefnandi hafi misst eignir sínar, hrossin, og eigi því rétt á að fá þau bætt vegna aðgerða eða aðgerðaleyfis starfsmanna stefnda, sem beri ábyrgð sem vinnuveitandi eða húsbóndi sýslumanns og hreppstjóra.

Um lagarök vísar stefnandi sérstaklega til 4. mgr. 59. gr. laga nr. 6/1986 og 3. mgr. 80. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, hvað varðar gerð bótakröfu og einnig til ólögfestrar reglu skaðabótaréttarins um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna.

### III.

#### *Málsástæður og lagarök stefnda.*

Af hálfu stefnda er byggt á því, að eftir að hrossin komu fram í hrossasmölnun

seinni partinn í september 1994, hafi verið hafin völdtæk leit að eigendum þeirra. Hafi hrossin meðal annars verið send í aðalhrossaskilarétt Eyjafjarðarsveitar, Borgarrétt fremri, en þangað hafi komið fjöldi hestamanna. Þá hafi þau verið send suður á Ystu-Gerðisrétt. Jafnframt hafi verið haldið uppi völdtækum fyrirspurnum, bæði gegnum síma og með samtölum við einstaklinga, meðal annars á Akureyri. Þá hafi landsmarkaskrár verið skoðaðar og haft samband við utanhéraðsmenn. Þannig telji Hjörtur Haraldsson fjallskilastjóri, að gert hafi verið eins og hægt var, til að hafa uppi á eiganda hrossanna. Samkvæmt aðilaskýrslu telji stefnandi, að hann hafi á sínum snærum um 100 hross. Megi telja með ólíkindum, að hann hafi ekki á tímabilinu frá september 1994 til 19. nóvember sama ár fengið upplýsingar um óskilahross, en stefnandi hafi þó farið að sakna hrossa sinna í október 1994. Upplýsi stefnandi í skýrslu sinni, að hann hafi ekki átt mark sjálfur, þó að hann hafi verið með um 100 hross. Samkvæmt 63. gr. laga nr. 6/1986 sé hverjum búfjáreiganda skylt að hafa á búfé sínu glöggt mark, sbr. og fjallskilasamþykkt fyrir Eyjafjarðarsýslu, Akureyri, Dalvík, Ólafsfjörð og Siglufjörð nr. 402/1998, sbr. einnig reglugerð nr. 224/1987 um mörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár.

Svo sem fram komi í bréfi sýslumanns frá 7. mars 1995 hafi stefnandi getað fengið uppboðsandvirði hrossanna greitt með því að færa sönnur á eignarrétt sinn að heim. Verði því ekki séð, að stefnandi eigi réttmæta kröfu í máli þessu. Beri því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda á grundvelli aðildarskorts, sbr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi byggir á því, að allur aðdragandi og undirbúningur uppboðssölu hafi verið hrapallegur og nefni, að lýsing hrossanna hafi verið ónákvæm, þannig að hann hafi ekki þekkt hross sín. Sé því einungis byggt á ónákvæmri auglýsingu hrossanna, en önnur atriði varðandi ætlaðan galla á aðdraganda og undirbúningi uppboðssölu hafi vanreifuð. Sé því haldið fram, að mikil vinna hafi verið lögð í að finna eiganda hrossanna. Hafi fjallskilastjóri fengið til liðs við sig fjóra menn til að skoða hrossin og lýsing hrossanna verið byggð á álitum þeirra, sem hafi verið einróma. Hafi öll vinnubrögð verið eins vönduð og mögulegt var og ekki hafi verið um neina saknæma hegðun að ræða. Hafi sýslumaður tekið í sína auglýsingu, svo sem eðlilegt hafi verið, lýsingu fjallskilastjóra á hestunum. Sé á það bent, að fjallskilastjóri starfi ekki á vegum stefnda. Verði fallist á þá málsástæðu stefnanda, að auglýsing og tilgreining hestanna hafi verið þannig, að ekki hafi verið unnt að þekkja hrossin af henni, þá sé því haldið fram, að uppboðið hefði getað sætt ógildingu í ljósi rangrar tilgreiningar á uppboðsandvirði. Því sé málshöfðunarfræstur löngu liðinn, sbr. 88. gr. nauðungarsölulaga. Verði ekki fallist á þessa málsástæðu stefnda, sé ljóst, að auglýsingin hafi tilgreint nægilega hross þau, er boðin voru upp. Hafi stefnandi því borið að gæta réttar síns. Það hafi hann ekki gert og við hann einan að sakast.

Því sé hafnað af hálfu stefnda, að með innlausnarrétti samkvæmt 59. gr. laga nr. 6/1986 sé átt við rétt til efnda in natura, en ekki peningagreiðslu. Sé þar átt við, að eigandi, sem sannar eignarrétt sinn, eigi aðeins tilkall til að fá andvirði hinna seldu hrossa, en ekki þau sjálf. Því til stuðnings sé bent á 61. gr. sömu laga, þar sem beinlínis sé tekið fram, að andvirði seldra gripa greiðist eiganda, sanni hann eignarrétt sinn innan tiltekins tíma. Þá sé bent á, að fyrir uppboð flytjst eignarrétturinn til uppboðskaupanda við hamarshögg og sé hann ekki takmarkaður eða kvaðabundinn tólf fyrstu vikurnar.

Mótmælt er fjárhæðum aðalkröfu og varakröfu og bent á, að öll hrossin hafi selst á 92.000 krónur. Sé aðalkrafan með öllu órökstudd tölulega og engin gögn færð henni til stuðnings. Ósannað sé um margháttaða „fyrirhöfn og vinnumissi“ stefnanda.

Vegna varakröfu stefnda sé ítrekað, að dómkröfur stefnanda séu órökstuddar. Þá beri einnig að lækka þær verulega vegna eigin sakar stefnanda, sem telja verði verulega í ljósi athafnaleysis hans. Þá er vöxtum og upphafstíma þeirra mótmælt.

#### IV.

##### *Niðurstaða.*

Hreppstjóri Eyjafjarðarsveitar og sýslumaður Eyjafjarðarsýslu eru starfsmenn stefnda. Er ótvírætt af málalíbúnaði stefnanda, að hann telur, að þessir starfsmenn stefnda beri ábyrgð á því, sem stefnandi telur, að úrskæiðis hafi farið við undirbúning nauðungarsölnunar.

Mál þetta snýst því um, hvort stefndi beri bótaábyrgð á ætluðu tjóni stefnanda vegna nauðungarsölu umræddra hrossa 19. nóvember 1994. Byggir stefnandi kröfur sínar á hendur stefnda á óskráðum reglum skaðabótaréttarins um ábyrgð vinnuveitanda á saknæmum og ólögmetum athöfnum ofangreindra starfsmanna hans. Rekur stefnandi tjón sitt til þess, að auglýsing sú, er sýslumaður lét birta um nauðungarsölnuna, hafi verið með slíkum annmörkum, að stefnandi hafi ekki mátt þekkja af henni hross þau, er hann taldi til eignar sinnar, og af þeim sökum hafi hann ekki átt þess kost að gæta hagsmuna sinna við nauðungarsölnuna.

Um ábyrgð á nauðungarsölu er fjallað í XV. kafla laga nr. 90/1991, 86. - 88. gr. 86. gr. tekur til bótaábyrgðar gerðarbeiðanda vegna þess að skilyrði hafi skort fyrir nauðungarsölu eða hún hafi annars farið fram með þeim hætti, að hún hafi eða gæti sætt ógildingu, en á því er byggt af hálfu stefnanda. Samkvæmt 1. mgr. 87. gr. laganna er þeim, sem á tilkall til bóta á grundvelli 86. gr., heimilt að beina málsókn til heimtu þeirra að ríkinu óskipt með gerðarbeiðanda, ef sá sem hafði framkvæmd nauðungarsölnunar með höndum, sýndi af sér gáleysi við þá athöfn, sem leiddi til tjóns.

Í 88. gr. nefndra laga segir, að höfða beri mál til heimtu bóta samkvæmt 86. gr., sbr. 1. mgr. 87. gr., fyrir héraðsdómi, áður en þrír mánuðir eru liðnir frá því

sá, sem hefur orðið fyrir tjóni, átti þess fyrst kost að hafa kröfu sína uppi. Samsvarendi frestákvæði er í 98. gr. aðfararlaga nr. 90/1989 um ábyrgð gerðarbeiðanda og ríkissjóðs á aðfarargerð eftir 96. gr. og 1. mgr. 97. gr. þeirra laga. Stefnandi kveðst í aðilaskýrslu sinni hafa orðið þess áskynja mánuði eftir nauðungarsöluna 19. nóvember 1994, að umrædd hross hefðu verið boðin upp af hálfu sýslumanns og seld. Samkvæmt því byrjar málshöfðunarfræstur að líða hið fyrsta á því tímamarki, en í síðasta lagi að loknum 12 vikna innlausnarfræsti þeim, er greinir í 4. mgr. 59. gr. laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. Þar sem fræstur þessi er löngu liðinn, hvort sem miðað er við fyrra eða síðara tímamarkið, er óhjákvæmilegt að vísa máli þessu sjálfkrafa frá dómi þegar af þeirri ástæðu.

Eftir þessum úrslitum verður stefnandi úrskurðaður til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 100.000 krónur.

Úrskurð þennan kveður upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð :

Máli þessu er vísað sjálfkrafa frá dómi.

Stefnandi, Auðbjörn Kristinsson, greiði stefnda, íslenska ríkinu, 100.000 krónur í málskostnað.

---